

imm è
gronda
sk'ogga

Snomi Kjan̄am̄on̄ .



Snorri Hjartarson – Inn á græna skóga

Sýning í Þjóðarbókhöfuð, opnuð 22. apríl 2016

Texti:

Páll Valsson, Hjörtur Hjartarson

Umsjón með verkefninu:

Hjörtur Hjartarson, Ólafur J. Engilbertsson

Upplestur:

Gunnar Þorsteinsson

Uppþökur:

Þórir Baldursson

Vefur:

Tómas Atli Ponzi

Hönnun sýningar og skrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Hönnun ljóðastaðar:

Ólöf Jakobína Ernudóttir

Að verkefninu komu af hálfu Landsbókasafns:

Áki G. Karlsson, Bergsteinn Gunnarsson, Bryndís Vilbergsdóttir, Guðjón Pálmarrson, Helgi Bragason, Jökull Sævarsson, Nancy Fiedler, Ólafur J. Engilbertsson, Ólafur Guðnason, Ragna Steinarsdóttir

Ljósmyndir:

Ólafur Magnússon, Árni Böðvarsson, Knut Liestøl, Páll Jónsson, Páll Stefánsson o.fl. Eftirtökur mynda í eigu fjölskyldu Snorra: Helgi Bragason. Mynd á kápu er af Snorra í Noregi um 1932

Sérstakar þakkir:

Fjölskylda skáldsins: Halla Hrafnkelsdóttir Thorlacius, Halldór Ásgeirsson, Helga Torfadóttir og Ragnheiður Torfadóttir. – Ágústa Lyons Flosadóttir, Guðný Þórarinsdóttir, Gunnar Þorsteinsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Jón Egill Bergþórsson, Olga Holownia, Ólöf Jakobína Ernudóttir, Páll Valsson, Pilar Concheiro, Tómas Atli Ponzi, Vigdís Finnbogadóttir og Þórir Baldursson

Þakkir fyrir veittan stuðning:

Fríðrik Pálsson, Guðný Þórarinsdóttir, Forlagið, Olís, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, Rithöfundasamband Íslands, RÚV, Samfélagssjóður Landsbankans, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, TAP technology

Prentun skrár:

Guðjón Ó

Prentun sýningar:

Sýningakerfi ehf

© Ljóðvegir og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2016

ISBN 978-9935-434-09-8

SNORRI HJARTARSON
INN Á GRÆNA SKÓGA

Sýning í Þjóðarbókhöfðu, opnuð 22. apríl 2016

LJÓÐVEGIR



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Snorri Hjartarson hafði mikið yndi af ferðalögum, ekki síst á fjöllum. Ljósmynd: Páll Jónsson.

Ávarp landsbókavardar

Frumkvæði að sýningunni *Inn á græna skóga* kemur frá félaginu Ljóðvegum, en forsvarsmáður þess er Hjörtur Hjartarson. Fyrir réttum tveimur árum, í apríl 2014, var gerður samstarfssamningur milli Ljóðvega og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um að efla almenna kynningu á Snorra Hjartarsyni, ævi hans og verkum. Sýningin og dagskrá við opnunina er í anda þessa samnings.

Á sýningunni eru ljóð Snorra, en þau eru sett upp á nokkrum stöðum í Þjóðarbókhöðunni. Einnig geta gestir hlýtt á upplestur Gunnars Þorsteinssonar þýðanda og þular á vef sem verður aðgengilegur í safninu meðan sýningin stendur yfir, en hann mun lifa áfram eftir að henni lýkur. Þá eru á sýningunni myndir og gripir sem tengjast Snorra með ýmsum hætti.

22. apríl er fæðingardagur Snorra Hjartarsonar skálds og borgarbókavardar, en hann fæddist árið 1906 á Hvanneyri í Borgarfirði og því höldum við upp á 110. árstíð hans um þessar mundir. Afmæli Snorra er í ár í Viku bókarinnar og er sýningin sett upp í samstarfi við Reykjavík – bókmenntaborg Unesco. Einnig er haldið upp á að 3. útgáfa af heildarljóðasafni Snorra kemur nú út á vegum Forlagsins undir heitinu Kvæðasafn, en Forlagið er einnig samstarfsaðili vegna sýningarinnar.

Ég vil þakka öllum sem komu að gerð sýningarinnar með einum eða öðrum hætti, eða lögðu fram krafta sína á dagskrá við opnun hennar. Hjörtur hefur borið hitann og þungann af verkefninu og aflað til þess styrkja, en af hálfu safnsins er það Ólafur Engilbertsson sýningarstjóri sem hefur hannað sýninguna, sýningarskrána og útlit vefjarins um Snorra.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður



Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Snorri Hjartarson á yngri árum.



Snorri Hjartarson um fermingu. Ljósmynd: Ólafur Magnússon.

Velkomin!

Hundrað og tíu ár eru frá því Snorri Hjartarson fæddist og 35 ár síðan skáldið tók við Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs. Vert er að minnast þessa. En kvæði Snorra eru ekki bundin tíma eða tímamótum. Tílefni sýningarinnar er hversdagslegt, að halda á loft dýrgripum þessa söngfugls á öxl landsins og lofa gestum að njóta. Ljóðin eru ekki mörg að tölu, en hið fagra og góðviljaða erindi lifir í þeim öllum. Erindi skáldsins sem vildi hverfa langt langt inn á græna skóga og leita svo aftur með visku trjáanna á vit reikulla manna.

Ljóðin mæta ykkur á göngum safnsins og á sýningarspjöldum. Gestir geta látið fara vel um sig með spjaldtölvu á sýningarsvæðinu og hlýtt á heildarkvæðasafn Snorra í upplestri Gunnars Þorsteinssonar, þýðanda og þular. – Góður upplestur getur lokið upp ljóði fyrir lesanda.

Kæru gestir. Gjörið svo vel, hlýðið á ljóðin, lesið og njótið sýningarinnar.

f.h. Ljóðvega,

Hjörtur Hjartarson




Foreldrar Snorra, Hjörtur Snorrason og Ragnheiður Torfadóttir. Ljósmynd: Ólafur Magnússon.

Snorri Hjartarson

Snorri Hjartarson var fæddur 22. apríl 1906 á Hvanneyri í Borgarfirði, sonur Hjartar Snorrasonar skólastjóra og Ragnheiðar Torfadóttur, en ólst upp í Arnarholti í Stafholtstungum frá níu ára aldri. Hann stundaði nám við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og síðan í Menntaskólanum í Reykjavík en varð að hætta þar vegna heilsubrestra. Hann hélt utan að leita sér lækninga og lagði síðan stund á listnám í Kaupmannahöfn 1930 og Ósló 1931-'32. Á þessum árum birtust fyrstu ljóð hans, fimm kvæði í tímaritunum *Eimreiðinni* og *Íðunni*. Þarna lagði hann einkum stund á málalíst, en sneri sér svo æ meir að ritstörfum. Snorri sendi frá sér skáldsöguna *Hóit flyver ravnem* sem kom út í Ósló 1934 og fékk góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og lesenda. Snorri flutti aftur heim til Íslands árið 1936. Hann hafði árið 1932 kvænst norskri konu, Solveigu Björnstad, en þau skilið. Heim kominn starfaði hann við Borgarbókasafn Reykjavíkur, fyrst sem bókaforður, en var skipaður borgarbókaforður 1943 og gegndi því starfi til ársins 1966. Jafnhliða gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir samtök listamanna, sat í stjórn Rithöfundafélags Íslands 1945-'50 og var forseti Bandalags íslenskra listamanna 1957-'59. Snorri kom líka talsvert að bókaútgáfu sem ritstjóri kvæðasafna og ritaði formála í fjölda bóka.

Ljóðabækur Snorra urðu fjórar talsins: *Kvæði* (1944), *Á Gnitabeidi* (1952), *Lauf og stjörnur* (1966) og *Hauströkkríð yfir mér* (1979). Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981. Árið 1986 sámdí Heimspekideild Háskóla Íslands hann heiðursdoktorsnafnbót og er hann einn örfárra skálda sem hana hafa fengið.

Snorri Hjartarson andaðist í Reykjavík 27. desember árið 1986, þá liðlega áttæður.



Snorri málaði þessa sjálfsmýnd þegar hann var í listnámi í Noregi 1931-1932. Málverkið að neðan málaði hann einnig á námsárum sínum í Noregi.





Snorri í Noregi.

Kvæði

Kvæði koma út á sjálfu lýðveldisárinu, 1944, og eru að stórum hluta óður til Íslands, íslenskrar náttúru og menningar. Bókin endurspeglar gleði og fögnuð skáldsins yfir því að vera kominn heim, og þær persónulegu forsendur birtast m.a. í því hversu bernskuumhverfi skáldsins er þar áberandi. Sterk lýsingarorð og svipmikil er víða að finna í kvæðunum, en flest ljóð bókarinnar eru ort undir viðurkenndum bragarhátum, til dæmis Eddukvæðahátum og sonnettuformi. Þau leyna þó á sér því víða hefur Snorri vélað um form og þreifar greinilega fyrir sér í þeim efnum, enda formbyltingartímar í bókmenntum og listum. Sú skoðun er viðtekin að Snorri Hjartarson hafi í ljóðformi fléttað saman gamalt og nýtt. Undir lok bókar eru ljóð sem benda til vaxandi uggs skáldsins vegna þróunar heimsmála.

Við Piltahúsið í Arnarholti í júlí 1925. Frá vinstri: ókunnur gestur, Ögmundur Sigurðsson skólastjóri, Snorri, Jónas Ögmundsson, Hjörtur Snorrason, Ragnheiður Torfadóttir, Svava Zoëga og Torfi Hjartarson. Ljósmynd: Knut Liestøl, prófessor í Ósló.



Kvæði. Kápumyndin er eftir Ásgrím Jónsson.



Á Gnitahéiði


Á *Gnitahéiði* (1952) er sú ljóðabóka Snorra sem er undir mestum áhrifum frá samtímaatburðum. Hún hefur þá sérstöðu meðal bóka Snorra að þar er að finna brýningar- og hvatningarljóð þar sem skáldskapurinn verður vopn í baráttu skáldsins gegn því sem hann telur ógna ættjörð sinni, menningu hennar, tungu og hinum góðu gildum í veröldinni.

Snorri yrkir um frelsi og fullveldi þjóðarinnar, sem hann telur í hættu, og deilir hart á setu erlends herliðs á Íslandi. Ávallt má þó greina viðleitni skáldsins til þess að ljá ádeilu sinni víðara gildi. Hann yrkir líka um ýmsa leiða fylgikvilla siðmenn- ingar og stillir þeim einatt upp andspænis náttúrunni sem í ljóðum Snorra er ávallt táknmynd hins upprunalega og sanna.



Snorri flutti heim til Íslands 1936.

Í sumarbústað Torfa, Skeljabrekku, fyrir innan Ísafjarðarkaupstað sumarið 1939. Aftar: Ásgeir Hjartarson, Anna Jónsdóttir, Snorri Hjartarson. Fremst: Ragnheiður Torfadóttir, Sigrún Torfadóttir, Hjörtur Torfason.



Á *Gnitahéiði*. Kápumyndin er eftir Ás- grím Jónsson.



Snorri við skrifir úti í náttúrunni.

Lauf og stjörnur

Frá og með *Laufi og stjörnum* (1966) verða ádeiluljóð Snorra tilvistarlegri, fjalla meira um almenna vegferð mannsins. Þar kemur víða fram sú skoðun að maðurinn hafi villst af leið, hafi fjarlægst sjálfan sig og upprunaleg gildi og verðmæti, sem náttúran tákngerir. Aðeins með því að fylgja leiðsögn hennar og læra að lifa með henni geti hann lifað í sátt. Í *Laufi og stjörnum* eru flest ljóð ort undir frjálsum formi, rím er að mestu horfið en Snorri styðst ævinlega við ljóðstafi með einhverjum hætti. Hér eru sérstaklega áberandi ljóð með nokkrum stuttum erindum, oftast nær tvær til þrjár ljóðlínur hvert. Í hverju erindi er sjálfstæð mynd eða hugsun, tiltekið sjónarhorn á efni ljóðsins sem skírskotar þó til heildarinnar og er í órofa tengslum við það.

Með ferðahópi í Húsafelli í ágúst 1949. Snorri Hjartarson er fremst til vinstri, þá Arndís Bjarnadóttir, síðan Sigurbjörg Emilsdóttir. Tvær konur lengst til hægri eru óþekktar. Aftari röð frá vinstri: óþekkt kona, Óskar Bjarnason, Guðmundur Guðmundsson, óþekkt kona, óþekktur maður, Ólafur Briem, Axel Kristjánsson, óþekktur maður.



Lauf og stjörnur. Kápumyndin er eftir Hörð Ágústsson.




Hauströkkrið yfir mér


Aukin hnitmiðun í formi og stíl einkennir síðustu bók Snorra, *Hauströkkrið yfir mér* (1979), jafnframt því sem ljóðin verða miðleitnari. Bókin ber nafn með rentu, því ljóðin bera þess merki að í lífi skáldsins haustar að og beygs gætir yfir því að hin illu öfl tilverunnar geri sig meira gildandi. Samt er heimspekileg ró yfir ljóðunum. Ljóðin bera sífellt sterkari svip einingarþrár eða sáttahyggu sem leitast við að setta allar andstæður og upphesja tímann; þau stefna inn í ljósið „sem geymir um eilífð hvað sem er, og bíður“. Þar ríkir kyrrð, friður og samræmi, hið upphaflega, sanna og góða ástand allra hluta.

Þegar Snorri lést lét hann eftir sig kvæði sem hann hafði ort eftir að *Hauströkkrið yfir mér* kom út, flest á árunum frá 1980-1984. Snorri hafði þann sið að hreinskrifa kvæði sín upp eftir handritum og því má oftast fara nærri um hvenær hann taldi þau tilbúin. Helgi Hálfðanarson, einn nánasti vinur Snorra, og Páll Valsson fóru í gegnum handrit hans og völdu 26 kvæði sem þeir töldu fullbúin af hendi skáldsins, þótt aldrei verði vitaskuld fullyrt um slíkt. Síðasta hreinskrifaða kvæði skáldsins, „Ferhenda“, er dagsett 8. ágúst 1984.

Snorri Hjartarson á efri árum. Ljósmynd: Páll Stefánsson.



Snorri í einni af utanferðum sínum.



Hauströkkrið yfir mér. Kápumyndin er eftir Jón Reykdal.



Snorri á heimili sínu á Eiríksgötu 27 árið 1981.

Ritaskrá

„Þrjú kvæði“. *Eimreiðin*. XXXVI ár. Reykjavík, 1930.

„Tvö kvæði“. *Iðunn*. Nýr flokkur. XV ár. Reykjavík, 1931.

Hóit flyver ravn. Roman/Skáldsaga. Nasjonalforlaget, Oslo, 1934.

Kvæði. Heimskringla, Reykjavík, 1944.

„Njálumyndir eftir íslenska listamenn“. *Helgafell*. Reykjavík, 1944.

„Bréf til Magnúsar“ [Ásgeirssonar]. *Helgafell*. Reykjavík, 1944.

Sól er á morgun – kvæðasafn frá átjándu öld og fyrri hluta nítjándu aldar. Snorri Hjartarson setti saman. Reykjavík, 1945.

Heiman ég fór (vasalesbók). [S.H., Gísli Gestsson og Páll Jónsson gáfu út]. Reykjavík, 1946.

[Formáli]. *Ljóð frá ýmsum löndum*. Magnús Ásgeirsson íslenskaði. Reykjavík, 1946.
[Ritdómur]. Vökunætur eftir Eyjólf Guðmundsson. *Tímarit Máls og menningar*, 3. h. Reykjavík, 1946.

„Ásgrímur Jónsson“. *Djódviljinn* 31.10. 1946.

[Ritdómur]. *Sögur og ævintýri* eftir Sigurjón Jónsson. *Tímarit Máls og menningar*, 2–3. h. Reykjavík, 1947.

Íslands þúsund ár. Kvæðasafn 1600–1800. S.H. valdi kvæðin. Reykjavík, 1947.

Sögur frá Noregi. [S.H. gaf út og þýddi nokkrar sögur]. Reykjavík, 1948.

Sögur berlæknisins e. Zacharias Topelius. [S.H. gaf út]. Reykjavík, 1948.

„Jón Helgason fimmtugur“. *Tímarit Máls og menningar*, 3. h. Reykjavík, 1949.

[Ritdómur]. Listaverkabók Ásgríms. *Tímarit Máls og menningar*, 3. h. Reykjavík, 1949.

[S.H.] og Kristinn E. Andrésson. *Íslenskt nútímalýrikk* – úrval. Reykjavík, 1949.

Íslenskt ástaljód (nýtt safn). S.H. valdi kvæðin. Reykjavík, 1949.

Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar, önnur útgáfa. [S.H. gaf út]. Reykjavík, 1952.

Á Gnitabeidi. Reykjavík, 1952.

„Kjarval sjötugur“. *Tímarit Máls og menningar*, 3. h. Reykjavík, 1955.

Kvæði 1940–52. Reykjavík, 1960.

Lauf og stjörnur. Reykjavík, 1966.

Hauströkkríð yfir mér. Reykjavík, 1979.

Kvæði 1940–1966. Reykjavík, 1981.

„Án vonar ekkert líf“. *Tímarit Máls og menningar*, 2. h. Reykjavík, 1981.

„Tvö þýdd ljóð“. Afmæliskeðja til Tómasar Guðmundssonar. Reykjavík, 1981.

„Skammdegiskvöld“. *Land og stund*. Afmæliskeðja til Páls Jónssonar. Reykjavík, 1984.



Snorri Hjartarson.

Þýðingar

Leaves and stars. Translated from the Icelandic by Hallberg Hallmundsson. [Þýðingar á ensku]. Brú, Reykjavík, 2012.

Brunnin flýgur álf/ Brennend fliegt ein Schwan - kvæði/Gedichte. Bernd Koberling vatnslitir/Wassefarben. Ausgewählt, zusammengestellt und ins Deutsche übertragen von Franz Gíslason und Wolfgang Schiffer. [Texti á íslensku og



Snorri Hjartarson.

[þýsku]. Isländische Literatur der Moderne 6. Kleinheinrich [Münster], 1997.

Löv och stjärnor. Urval och översättning Inge Knutsson. [Lauf og stjörnur. Á sænsku]. Dikt i Norden. Rabén & Sjögren, Stockholm, 1984.

Heystmyrkerið yfir mér. Martin Næs týddi úr íslenskum. [Hauströkkrið yfir mér. Á færeysku]. Orð og lög, Tórshavn, 1983.

Lauv og stjerner. Norsk omdiktning ved Ivar Orkland. [Lauf og stjörnur. Á norsku] *Haustskyming over mig*. Norsk omdiktning ved Ivar Orkland. [Hauströkkrið yfir mér. Á norsku]. Dreyer, Oslo, 1981.

Höstmörkeret över mig. Tolkningar av Inge Knutsson. [Hauströkkrið yfir mér. Á sænsku]. Ekstrand, Lund, 1980.

Lyng og krater. Dikt i utval. Norsk omdiktning ved Ivar Orkland. [Þýðingar á norsku]. Fonna Forlag, Oslo, 1968.

Dans. Til norsk ved Ivar Orkland. [Þýðingar á norsku] Sérprent úr *Syn og Segn*, 1959.

Sögur berlæknisins eftir Zacharias Topelius. Matthías Jochumsson þýddi. [Snorri Hjartarson bjó til prentunar]. [Fältskärns historier. Þýðingar úr sænsku á íslensku]. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1955-1957.

Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar. [Snorri Hjartarson gaf út og ritaði formála]. Mál og menning, Reykjavík, 1952. [Þýðingar úr grísku, latínu og dönsku].

Sögur frá Noregi. [Snorri Hjartarson gaf út og ritaði formála]. [Þýðendur Snorri Hjartarson o.fl.]. [Þýðingar úr norsku]. Smásögur. Úrvalssögur Menningarsjóðs. Menningarsjóður, Reykjavík, 1948.

Sól er á morgun. Kvæðasafn frá átjándu öld og fyrri hluta nítjándu aldar. Snorri Hjartarson setti saman. [Þýðingar úr þýsku og grísku].

Tónlist við ljóð Snorra Hjartarsonar

Hljóðrit

„Gestur“ fyrir rödd og hljómsveit, Ingvi Þór Kormáksson. Berglind Björk Jónasdóttir: *Dans stöðumælanna*, Hrynjandi 2000.

„Haust“ / „Þögn“ / „Vor“ fyrir kór, Jón Nordal. Hamrahlíðarkórinn: *Vorkevði um Ísland*, Smekkleysa/Íslensk tónverkamiðstöð 2002.

„Haustið er komið“ fyrir hljómsveit, Hlynur Þorsteinsson. *Póstbúsið í Tuva: Skáld þjóðar*, Hlynur Þorsteinsson 2012.

„Haustkvöld“ fyrir rödd og píanó, Hallgrímur Helgason. Sigurlaug Rósinkranz og Ólafur Vignir Albertsson: *Sally*, Hollywood Star Records 1994.


„Haustmyndir“ fyrir kór og hljómsveit, Atli Heimir Sveinsson. Hamrahlíðarkórinn: *Haustmyndir – Hamrahlíðarkórinn flytur tónverk eftir Atla Heimi Sveinsson*, Hamrahlíðarkórinn 1985 og *Kveðið í bjargi*, Íslensk tónverkamiðstöð 1988, Eyja 2015.

„Heiðarnar bíða“ fyrir kór, Friðrik Bjarnason (1946?). Kór Öldutúnsskóla: *Enn er oft í koti kátt! – lögin hans Friðriks Bjarnasonar*, 2009.

„Helgisögn“ fyrir kór og hljómsveit, Haukur Tómasson. Mótettukór Hallgrím-skirkju, Schola Cantorum og Kammersveit Reykjavíkur: *Flétta*, Listvinafélag Hallgrím-skirkju 2011.

Fjögur ljóð úr verkinu *Hugur minn líður* fyrir rödd og píanó, Guðmundur Hafsteinsson: „Lauffall“, „Veturgríð“, „Harpa kveður dyra“ og „Vorkvöld“. Marta Guðrún Halldórsdóttir og Guðmundur Hafsteinsson: *Guðmundur Hafsteinsson – Instrumental and vocal works*, Sjö máva útgáfan 1998).

„Hvöld“ fyrir kór, Hugi Guðmundsson. Hamrahlíðarkórinn: *Djúpsins ró*, Smekkleysa 2013.



Snorri Hjartarson.



„Það er sagt að ljóðskáld end-
ist ekki nema til fimmtugs, en
ég tel að ég hafi gert margt af
því, sem ég hef gert best, síðar
þótt ég vilji ekki gera upp á
milli ljóðabóka minna“, segir
Snorri Hjartarson, skáld, í af-
mælisviðtali við Tímann, en
Snorri er 75 ára í dag.
Tímamynd: GE

**„HEF GERT MARGT
AF ÞVÍ, SEM ÉG
HEF BEST GERT,
EFTIR FIMMTUGT“**
— segir Snorri
Hjartarson í
afmælisviðtali, sem
birt er á bls. 3

Viðtal við Snorra birtist í *Tímanum* 22.
apríl 1981 í tilefni af 75 ára afmæli hans.

„Land, þjóð og tunga“ fyrir rödd og píanó/fyrir rödd og hljómsveit, Tómas R. Einarsson (1994) Pálmi Gunnarsson: Landsýn, Jazzís 1994; Tómas R. Einarsson, Sigríður Thorlacius & Sönghópurinn við Tjörnina: *Mannabörn*, Blánótt 2014.

„Land þjóð og tunga“ fyrir kór, Gunnsteinn Ólafsson (2011). Háskólakórinn: *Kvöldloeka*, Háskólakórinn 2015.

„Lauffall“ fyrir rödd og píanó, Hjálmar H. Ragnarsson. Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson: *Fagurt syngur svanurinn*, Menningarmiðstöðin Gerðuberg 1994 og *Íslenska einsöngslagið 1 & 2*, Menningarmiðstöðin Gerðuberg/Smekkleysa 1998; Sigurður Bragason og Hjálmur Sighvatsson: *Líf & ljóð*, Íslensk tónverkamiðstöð 2009.

Fimm ljóð Snorra við lög Sigursveins D. Kristinssonar: „Útnorður á skaga“, „Ég heyrði þau nálgast“, „Nótt“, „Brot“, „Í gulnuðum reyni“. Sigrún Valgerður Gestsdóttir og Kristinn Örn Kristinsson: *Lög fyrir söngrodd og píanó – Complete Songs*, Smekkleysa 2011.

„Veturgrið“ fyrir rödd og píanó, Hallgrímur Helgason. Sigurlaug Rósinkranz og Ólafur Vignir Albertsson: *Sally*, Hollywood Star Records 1994.

„Þjóðlag“ fyrir rödd og hljómsveit: Hannes Jón Hannesson: *Kærleiksblóm*, eigin útgáfa 1992; Bubbi Morthens. *Frelsi til sölu*, Spor 1994; Ingólfur Steinsson *Kóngsríki fjallanna*, Tunga 2002.*

*Sé flytjanda ekki getið er hann sami og höfundur.

Nótnaútgáfur

„Auðir bíða vegirnir“ fyrir sópran, fiðlu og píanó, Anna Þorvaldsdóttir, Íslensk tónverkamiðstöð, 2006.

„Bið“ fyrir rödd og píanó, John Speight (2013)*, Íslensk tónverkamiðstöð.

„Ég heyrði þau nálgast“ fyrir rödd og píanó, Sigursveinn D. Kristinsson (án árs), Íslensk tónverkamiðstöð.

Ferðalög fyrir rödd og píanó, ljóðin „Sólgullin lauf“, „Einn á gangi“ og „Langt af fjöllum“, Oliver Kentish (2006), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Haustkvöld“ fyrir rödd og píanó, Hallgrímur Helgason. Haustkvöld : fjögur einsöngslög við ljóð Snorra Hjartarsonar og Jóhannesar úr Kötlum, Hallgrímur Helgason 1990, Gígjan 1991 (2. útg).

„Haustmyndir“ fyrir blandaðan kór, 2 fiðlur, selló og akkordeon, Atli Heimir Sveinsson, [útgefanda ekki getið], 1982; „Haustmyndir“ = „Four Songs“ fyrir lága rödd og píanó. John Speight (1998), Íslensk tónverkamiðstöð.

Hljómsveitarverk X = Piece X for Orchestra „Kuml á heiði“ fyrir sópran, tenór og stóra hljómsveit. Finnur Torfi Stefánsson (2011), Íslensk tónverkamiðstöð.

Hljómsveitarverk XI = Work XI for Orchestra „Brennend fliegt ein Schwan“ [„Brunnin flýgur álf“] fyrir sópran, tenór og stóra hljómsveit, Finnur Torfi Stefánsson (2014), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Hvöld“ fyrir blandaðan kór, Hugi Guðmundsson (2009), Íslensk tónverkamiðstöð; fyrir blandaðan kór, Hörður Áskelsson (2012), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Hvít ský“ fyrir rödd og píanó, Jónas Ingimundarson. Tíu söngvar og tveimur betur, Jónas Ingimundarson, 2011.

„Í Úlfdöllum“ fyrir einsöngvara, kór og kammersveit, Hildigunnur Rúnarsdóttir (1991), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Komið er kvöld“ [„Brot“] fyrir rödd og píanó, Sigursveinn D. Kristinsson (1979), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Kvæði“ fyrir bassarödd og strengjasveit, Sigurður Sævarsson (2011), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Land, þjóð og tunga“ fyrir rödd og píanó Tómas R. Einarsson, píanóútsetning: Gunnar Gunnarsson; fyrir rödd og hljómsveit (1994), Íslensk tónverkamiðstöð;



Snorri 15 vikna gamall, 1906.

fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2009). „Sjö ættjarðarástarsöngvar“. *Skírnir - tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 183 (haust), bls. 500–502.

„Lauffall“ fyrir orgel, rödd og píanó, Hjálmar H. Ragnarsson (1987), Íslensk tónverkamiðstöð og BassBar 1, Ísalög, 2014 .

„Mig dreymir við hrúnið heiðarsel“, Bjarni Guðmundsson [upplýsingar vantar].

„Sumarnótt“ fyrir kór, Sigursveinn D. Kristinsson (1969), Íslensk tónverkamiðstöð; fyrir rödd og píanó, Atli Heimir Sveinsson (1981), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Útnorður á skaga“ fyrir rödd og píanó, Sigursveinn D. Kristinsson (1969), Íslensk tónverkamiðstöð.

„Vegaskil“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2009). „Sjö ættjarðarástarsöngvar“. *Skírnir - tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 183 (haust), bls. 503–504.

„Veturgríð“ = „Winterrast“ fyrir rödd og píanó, Hallgrímur Helgason (án árs), Íslensk tónverkamiðstöð og Haustkvöld : fjögur einsöngslög við ljóð Snorra Hjartarsonar og Jóhannesar úr Kötlum, Hallgrímur Helgason 1990, Gígjan 1991 (2. útg).

„Þjóðlag“ fyrir blandaðan kór, Þorvaldur Gylfason (2015).

Þrjár rökkursöngvar [„Sumarnótt“, „Í gulnuðum reyni“ og „Kyrrð“] fyrir rödd, selló og píanó, John Speight (1986/1995), Íslensk tónverkamiðstöð.

*Ártöl í sviga vísa til ársins sem verkið er samið

Óútgefin lög

„Auðir bíða vegirnir“ fyrir rödd og píanó, Jón Hlöðver Áskelsson (2000).

„Á Hvalsnesi“ fyrir kór, Símon Örn Birgisson (2002).

„Ene þau vandring“ [„Einn á gangi“] fyrir rödd og píanó, Lars Bagger (1995/6).

„Ég heyrði þau nálgast“ fyrir kvennakór, Jón Ásgeirsson (2008).

„Haustið er komið“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2014).

Hugur minn líður fyrir rödd og píanó (10 lög)*, Guðmundur Hafsteinsson (1996-2006): 1 „Heim“ (2006), 2 „Sumar“ (2005), 3 „Sumarkvöld“ (2005), 4 „Sumarnótt“ (1998), 5 „Á foldinni“ (1999), 6 „Í gulnuðum reyni“ (1998).

„Hvöld“ fyrir rödd, Ingibjörg Azima, 2010.

„I Tågemorke“ fyrir rödd og píanó, Lars Bagger (1995/6).

„Í lystigarði“ fyrir rödd og píanó, Fjöltnir Stefánsson (1978).

„Í Úlfdöllum“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2015).

„Ísabrot“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2015).

„Lindin í mónum“ fyrir rödd og harmónikku, Ingibjörg Azima (2010).

„Mig dreymir við hrúnið heiðarsel“ fyrir rödd og píanó, Jónas Tómasson (2002).

„Nú greiðist þokan sundur“, Ragnheiður Ólafsdóttir (2016).

„Sumarkvöld“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2014).

„Sumarnótt“ fyrir rödd, Ingibjörg Azima (2009).

„Vor“ fyrir rödd og píanó, Þorvaldur Gylfason (2014).

„Þjóðlag“ Heiðís Norðfjörð (án árs); Ragnheiður Ólafsdóttir (2016).

* Lög nr. 7–10 („Lauffall“, „Veturgríð“, „Harpa kveður dyra“ og „Vorkvöld“) hafa komið út á hljóðriti.

*Sé flytjanda ekki getið er hann sami og höfundur.



Snorri á barnsaldri.

English

Snorri Hjartarson (1906-1986) is one of the most important Icelandic poets of the twentieth century. He published four books of poetry which in artistic quality, and in particular in form and imagery, surpasses most of the other poetry of his period. One of his contributions was to combine the old Icelandic metric tradition with modernistic free verse to create a balanced blend of tradition and innovation. Snorri studied painting in his youth and is often referred to as painter of words because of his vivid metaphors. Many of his poems reflect a romantic idealism, with evocative descriptions of the beauty and power of nature and passionate condemnation of the threats he perceives to his native land, its culture and language. In the course of time Snorri's poems become more existential, and his poems reflect the vision of an idealist who believed that to survive Man must choose to live in harmony with nature.

Español

Snorri Hjartarson (1906-1986) es uno de los poetas islandeses más importantes del siglo XX. Publicó cuatro poemarios que por su calidad artística y en particular por sus formas e imágenes, supera la mayoría de la poesía de su época. Una de sus aportaciones es la combinación de la antigua tradición métrica islandesa con el verso libre modernista para así crear una mezcla equilibrada de tradición e innovación. En su juventud estudió pintura y a menudo ha sido identificado como el pintor de las palabras por sus metáforas de gran viveza. Muchos de sus poemas reflejan un idealismo romántico, ofreciendo descripciones sugerentes de la belleza y el poder de la naturaleza, además de una condena apasionada hacia las amenazas que percibe en contra de su tierra natal, su cultura y su lengua. En el transcurso del tiempo sus poemas se vuelven más existenciales y reflejan la visión de un idealista que cree que para sobrevivir el ser humano debe elegir vivir en armonía con la naturaleza.

Polskie

Snorri Hjartarson (1906-1986) jest jednym z najważniejszych islandzkich poetów XX-wieku. Opublikował cztery tomy poetyckie, które odznaczyły się na tle współczesnej mu twórczości swoją wartością artystyczną, a przede wszystkim formą i sposobem obrazowania. Przyczynił się do rozwoju poezji islandzkiej między innymi poprzez zestawienie tradycyjnego wiersza metrycznego z modernistycznym wierszem wolnym, w celu harmonijnego połączenia tradycji i innowacji. Snorri Hjartarson studiował malarstwo i ze względu na barwne metafory częstokroć określa się go mianem malarza słów. Wiele jego wierszy, utrzymanych w duchu romantycznego idealizmu, zawiera sugestywne opisy piękna i siły natury jak również żarliwą krytyką zagrożeń, które poeta dostrzega w swoim kraju, jego kulturze i języku. Z czasem poezja Hjartarsona staje się bardziej egzystencjalna i odzwierciedla wizję idealisty, który wierzy, że człowiek musi wybrać życie w zgodzie z naturą, jeśli chce przetrwać.

Ég vil hverfa langar
langar inn á græna skóga
inn í leyndardóm Trjáanna

og gróa þar Tré
gleymdu sjálfum mér, tíma
ró í djúpum
rótum og þrótt
í ungu lífþyrsta lauti

leita svo aftur
með vinku Trjáanna
á út veikulla mamma.